

121. Reykjadalur	400
122. Reykjadalaskot	170
123. Berghylur	380
124. Hrafnkelsstaðir	1160
125. Grafarbakki	700
126. Ás	300
127. Hruni	480
128. Tungufell	420
129. Haukholt	460
130. Sandlækur	360
131. Sandlækjarkot	340
132. Skarð	660
133. Glóra	120
134. Hlið	850
135. Laxárdalur	340
136. Stórahof	420
137. Miðhús	290

Samtals 191530

Framanskráð gjaldskrá er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélag, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júlí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Láns- og styrktarsjóð séra Magnúsar Helgasonar og nemenda hans“, útgefin á venjulegan hátt, ad man- **68**
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. júlí 1931. Skipulagsskráin er þannig: **10. júlí**

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Láns- og styrktarsjóð séra Magnúsar Helgasonar og nemenda hans.

1. gr.

Nemendasjóður Kennaraskólans og Nemendasjóður séra Magnúsar Helgasonar skulu renna saman í einn sjóð, er heiti Láns- og styrktarsjóður séra Magnúsar Helgasonar og nemenda hans.

68

10. júlí

Sjóðurinn skal vera láns sjóður til styrktar nemendum Kennaraskólans á námsárunum. Skólastjóri, ásamt þeim fastakennara, sem lengst hefir kennt við skólann, og formanni skólafélagsins, hefir stjórn sjóðsins og umsjá á hendi, veitir lán og innheimtir, sér um, að það fé hans, sem eigi er í lánnum hjá nemendum, standi á vöxtum á tryggum stað, og birti árlega reikning sjóðsins í skýrslum skólans.

2. gr.

3. gr.

Nemendur annars og þriðja bekkjar hafa einir rétt til þess að fá lán úr sjóðnum. Nemendur þriðja bekkjar, sem verið hafa í fyrsta og öðrum bekk, ganga fyrir að öðru jöfnu.

4. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema gegn tryggingu, er stjórnendur sjóðsins telja áreiðanlega.

5. gr.

Aldrei má vera meira í útlánnum en tveir þriðju hlutar sjóðsins. Engum má lána meira en einn tíunda hluta þess fjár, sem handbært er til útlána það árið, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

6. gr.

Vextir af lánnum úr sjóðnum skulu vera sömu sem þá eru innlásvextir í Landsbankanum, þegar lánið er tekið. Afborgun þarf ekki að greiða, meðan lántakandi stundar nám í skólanum. En eftir að hann er farinn þaðan, skal endurgreiða lánið að fullu með 100 kr. á ári að minnsta kosti, auk vaxta. Gjald-dagi skal vera 1. maí og fyrsta afborgun fara fram ári eftir að nemandi fer úr skólanum.

Nú stendur lántakandi ekki í skilum á réttum gjalddaga, og skal hann þá greiða þaðan í frá fulla útlánsvöxtu Landsbankans, til þess er skuldinni er lokið.

7. gr.

Nú vex sjóðnum svo fiskur um hrygg, að stjórn sjóðsins telur hlýða að rýmka lánskosti frá því, sem hér er fyrir mælt, og er henni þá heimilt að gera það, að fengnu samþykki yfirstjórnar skólans.

8. gr.

Þegar vextir sjóðsins eru orðnir 500 kr. á ári, má veita þrjá fimmtu hluta þeirra til styrktar félitlum og efnilegum nemendum, og er sá ekki afturkræfur. Stjórnendur sjóðsins úthluta styrknum í samráði við tvo nemendur, sem kosnir eru til þess um leið og kosin er stjórn skólafélagsins ár hvert.

9. gr.

Þegar nemendur þeir, sem í stjórn sjóðsins eru, eiga sjálfir hlut að máli um lán eða styrkveitingu, koma varamenn í þeirra stað. 10. júlí

68

10. gr.

Til þess að skipulagsskrá þessari verði breytt, þarf samþykki nemenda og yfirstjórnar skólans.

11. gr.

Skipulagsskrá um Nemendasjóð séra Magnúsar Helgasonar, útgefin 19. marz 1929, fellur úr gildi þegar framanrituð skipulagsskrá hefir öðlzt konunglega staðfestingu.

12. gr.

Leitað skal konunglegrar staðfestingar á framanritaðri skipulagsskrá.

S A M Þ Y K K T

um

samgirðingu fyrir austurhluta Áshrepps.

69

17. júlí

Hreppsnefnd Áshrepps hefir samkvæmt girðingarlögnum frá 22. nóv. 1913 gert eftirfarandi girðingarsamþykkt fyrir jarðirnar Guðrúnarstaði, Marðarnúp, Gilá, Kötlustaði og Hof.

1. gr.

Girða skal frá sunnanverðu Dalagili, austur Rjóðurhals, að Rjóðurflá, þaðan norður Þrívörðuás, í suðurenda Gaflskletta. Girðing þessi skal vera fimmþætt gaddavirsgirðing, eða virnet með streng yfir, og að öðru leyti eins og krafizt er með fullkomnar girðingar. Fullkomin hlið skulu vera þar, sem nauðsyn er á.

2. gr.

Kostnaði öllum af lagningu girðingarinnar, svo og árlegum viðhaldskostnaði, afborganir af lánum og vöxtum af þeim, skal jafna niður þannig:

- a. Að hálfu á landverð jarðanna, Guðrúnarstaða, Marðarnúps og Gilár, samkvæmt gildandi fasteignamati á þeim tíma, er gjöld falla í gjalddaga. Þó skal aðeins greitt gjald af hálfu landverði Gilár, og komi sú ívilnun til hækkunar á landverð Marðarnúps og Guðrúnarstaða.
- b. Hinn helmingur kostnaðar greiðist árlega af fjáreigendum á samþykktar-svæðinu, og skal vorframtal það ár lagt til grundvallar. Þó greiði ábúendur Hofs ekki herra gjald en hlutfallslegt niðurfjöfnunargjald á 100 kindur, er þó má eigi fara fram úr 20 aurum á hverja kind, enda þótt að niðurfjöfnuð gjöld kynni að vera hærri á annað fé.